

Kjörstjórn í Hvalfjarðarsveit

Fundur á Kalastöðum 1 miðvikudaginn 21. mars 2018 kl. 19:30

Fundarefni er undirbúningur sveitarstjórnarkosninga 26. maí 2018.

Mætt eru: Kjörstjórn: Helga Stefanía Magnúsdóttir,
Jón Haukur Hauksson og
Jóna Björg Kristinsdóttir.

Farið er yfir undirbúning kosninganna, tímafresti, meðferð framboðslista og tengd atriði við listakosningar og talningu atkvæða við listakosningar og talningu aðalmanna og varamanna við óbundnar kosningar.

Ákveðið er að Jón Haukur leiti upplýsinga um hvort tölvuforrit sé til fyrir talningu atkvæða í óbundnum kosningum og athugi hvernig önnur sveitarfélög framkvæma talningu.

Ákveðið er að Jóna Björg athugi og gangi eftir breytingum á launakjörum kjörstjórnar, dyravarða og aðstoðarmanna.

Rætt er um fjölda aðstoðarmanna við talningu atkvæða.

Fundi slitið kl. 20:30

Jóna Björg Kristinsdóttir

Helga Stefanía Magnúsdóttir

Jón Haukur Hauksson